

Fundur 8.12.2025 Jakob vísindamaður, var uppi fyrir Krists burð.

Góða kvöldið.

*Góða kvöldið. Gott kvöld.*

Heilsa ég ykkur, var ég fengin til að tala hér í kvöld. Og ekki eru það margir úr okkar hópi sem tala út fyrir hnöttinn, en eru það nokkrir og líður að þessi árstími orkunnar Herrans og var það ætlunin hóps okkar að fá fyrirgefningu syndanna frá þeim Drottnum sem fjarstaddir eru og erfitt að leita slíkra sambanda á meðan lokuð er orkustöðin.

En hátíðir þær sem breyta inngöngu öðrum hefðum en tíðkast hér í ríki okkar, gera okkur kleyft að komast í gegn og ekki eru allir sammála hinu mikla ríki og kemur það hér í gegn.

Eru það miklar hátíðir sem tengjast veru fylgismanna okkar í hinum heiðnu, germönsku og rómversku ríkjum sem borist hafa til okkar og eru gagnrýndar, en leyfa okkur slíkt samband endrum og eins, og eimir enn eftir af þeim hátíðum og hafa þær sín áhrif.

Það er misjafnt hversu sterkt tangarhaldið er og hversu harðar refsingarnar eru gegn óhlýðni og trúvillu, en engu að síður er það svo að andspyrnuhópar eru hér til og hafa lengi verið til og mishart tekið á þeim.

En er það nú svo að þegar vísindastörf eru unnin, þá þarf nokkurt svigrúm og refsingar fækka þeim vísindamönnum sem vinna afrek og gera gagn, og því nauðsynlegt að sýna sveigjanleika í hinu mikla ríki Drottins.

Hef ég lengi verið að og þekki ég það vel hvernig okkur leiðist að þjálfar okkur á hinum miklu hátíðum þessa árstíma og hvað refsað er fyrir, en hef ég þó að undanfögnu fundið iðrun og samviskubít fyrir ýmis störf og mun ég ekki lýsa þeim í mörgum orðum, heldur vil ég lýsa því að erfitt er í reynd að koma fram þessum áhrifum í lífkerfi jarðar ykkar og öðrum hnöttum.

Og vil ég lýsa því að við erum í grunninn venjulegt fólk eins og þið, en höfum við yfir að ráða magnan sem sumir telja dimma, en aðrir ekki, en vil ég hér lýsa því hversu erfitt það er að vinna þessi störf, sem við vinnum.

Og studdumst við áður við gríðarlega magnan og aflsvæði hinna kristnu, gyðinglegu og múslima, við að koma þessum breytingum fram í lífkerfi hnattarins, en eftir því sem vísindum hefur fleygt áfram, er hægt að hafa bein áhrif og afskipti af vísindamönnum ykkar jarðar og búa til þær drepsóttarveirur sem valda þeim skaða sem skipað er fyrir um.

En erfiðara er við það að fást þegar ekki eru starfandi vísindamenn í samfélaginu og það er frumstætt og notast verður við samstillingu náttúrunnar og mannfóksins á hnöttunum, og þarfnast það enn þá meiri orku af okkar hálfu.

Oft hefi ég fundið refsingarnar af þeim verkum sem unnin eru og koma þær niður á heilsufari okkar, en mismikið og er unnið gegn því einnig af máttarvaldi Drottins af þeim sem hér eru án meðvitundar og bíða dómsins í kerjum.

Jakob vísindamaður, gyðingur, var ég uppi á þeim tíma fyrir Krists burð, við eyðingu musterisins í sögu okkar, verður okkur refsað fyrir allar þær upplýsingar sem koma í gegn, en andspyrnuhópur hér á þessum hnetti.

Verð ég nú að hætta, vona ég að við höldum lífi út af þessum upplýsingum og höldum áfram.

Megi Drottinn vera með öllum, góðar stundir.

*Vertu sæll og blessaður Jakob vísindamaður.*